

78 fundur hjá Safna og menningarmálanefnd.

Mættir Dagbjört Höskuldsdóttir, Símon Sturluson, Elísabet Björgvinsdóttir, Árni Valgeirsson og Anna María Rafnsdóttir í fjarveru Ólafs Ottóssonar.

Ragnheiður Óladóttir mætti svo þegar 1 lið var að ljúka.

Haldinn í Ráðhúsinu kl 17.30

Dagskrá:

- 1 Sagt frá Norðurljósahátíðinni
- 2 Punktur frá Amtbókasafni
- 3 Menningarráð Vesturlands – er hægt að nýta sér það meira?
- 4 Safnamál í Stykkishólmi –erindi frá Stykkishólmsbæ
- 5 Önnur mál.

Norðurljósahátíðin:

Dagbjört sagði frá hátíðinni. hún lukkaðist vel og eru horfur á að ekki þurfi að fullnýta styrkinn frá bænum. Voru allir sammálum að vel hefði til tekist. En sú hugmynd kom að ef til vill væri rétt að halda svona hátíð annaðhvert ár og á móti Dönskum dögum að sumri. Von er á skýrslu frá Þórunni Sigþórsdóttir um framkvæmd hátíðarinnar. Verður hún skoðuð á næsta fundi.

Amtbókasafnið. Ragnheiður sagði að lítið væri að fréttu en lofar skýrslu eftir áramót. Allt virðist á svipuðum nótum í fyrra. Minna er af útlánum af DVD diskum, enda lítið um endurnýjun og aðgengi fólks að myndefni annarstaðar orðið auðveldara. Nýr starfsamaður safnsins er Sigðurður Bjarnason, en hann er ráðinn tímabundinni ráðningu.

Menningarráðið : Dagbjört sagði frá fundi sem framkvæmdastóri og formaður stjórnar Menningarráðs hélt hér um daginn.. Hvatti nefndarmenn til að sækja um eða koma á framfæri við áhugasama að sækja um.

Safnamálin. Bærinn hefur falið nefndinni að gera skoðun á safnamálum í Stykkishólmi, samkv samþykkt frá í haust. Var fólk sammála um að Dagbjört mundi skoða starfsemi safnanna með bæjarstjóra og kynna hana á næsta fundi nefndarinnar sem verður í lok jan eða byrjun febrúar. Þá verði rætt nánar um hvaða tillögur nefndin gæti lagt fyrir bæjarstjórn. Urðu talsverðar umræður um málefni safnanna.

Önnur mál:

Rætt talsvert um Vatnasafnið og nauðsyn þess að fá betri nýtingu á húsið.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Dagbjört í fjarveru Ólafs.